

Verklagsreglur utanríkisráðuneytisins  
um  
samstarf við borgarasamtök

---

**Þróunarsamvinnuverkefni**

---

Júní 2015



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

# Efnisyfirlit

1	Tegundir styrkja til þróunarsamvinnuverkefna .....	1
1.1	Nýliðastyrkir .....	1
1.2	Styttri þróunarverkefni .....	1
1.3	Langtímaþróunarverkefni .....	1
2	Úthlutunarreglur .....	1
2.1	Styrkupp hæð og umsýsla .....	2
2.2	Skilyrði fyrir styrkhæfi borgarasamtaka .....	2
3	Meðferð umsókna .....	3
3.1	Skil á umsóknum og fylgiskjölum .....	4
3.2	Mat umsókna .....	5
3.3	Matsviðmið fyrir styrkúthlutanir .....	5
4	Fjármálastjórnun .....	6
4.1	Staðlar .....	6
4.2	Frávik .....	6
4.3	Færsla milli fjárhagsára .....	6
4.4	Misnotkun fjár .....	6
4.5	Greiðsla styrkja .....	7
4.6	Úttektir og árangursmat .....	7
5	Samningar og skýrslugjöf styrkþega .....	7
5.1	Framvinduskýrslur .....	8
5.2	Lokaskýrslur .....	8

## 1 Tegundir styrkja til þróunarsamvinnuverkefna

Þróunarsamvinna er fólgin í því að veita fólki í fátækum löndum fjárhagslega, félagslega og tæknilega aðstoð með það að meginmarkmiði að ýta undir efnahags- og félagslega uppbyggingu til lengri tíma.

Málefnaflokkar þróunarsamvinnu málefnaflokkar (e. purpose codes) samkvæmt sundurgreiningu OECD DAC má finna á vefsvæði ráðuneytisins og skulu umsækjendur flokka verkefni þau sem sótt er styrk til eftir slíkri sundurgreiningu.

### 1.1 Nýliðastyrkir

Borgarasamtök sem sækja um styrki til verkefna í þróunarsamvinnu í fyrsta sinn geta sótt um nýliðastyrki. Hámark slíkra styrkja er fjórar milljónir króna. Nýliðastyrkir eru ekki veittir til lengri tíma en eins árs.

### 1.2 Styttri þróunarverkefni

Styttri þróunarverkefni eru skilgreind sem afmörkuð verkefni reyndra samtaka sem studd eru til eins árs í senn. Styrkirnir geta einnig tekið til undirbúnings stærri verkefna. Sækist borgarasamtök eftir áframhaldandi stuðningi utanríkisráðuneytisins eftir að undirbúningsfasa lýkur skal ný umsókn gerð.

### 1.3 Langtímaþróunarverkefni

Langtímaþróunarverkefni hafa ákveðið upphaf og ákveðinn endi en geta staðið yfir um nokkurra ára bil. Þau eru háð fjárskuldbindingum til lengri tíma og veitt reyndari samtökum. Styrkjum af þessu tagi er ætlað að mæta þeirri þörf. Ákvarðanir um styrki eru þó ekki teknar nema til fjögurra ára í senn að hámarki. Hægt er að sækja um framhaldsstyrki til sama verkefnis að undangenginni úttekt, leiði hún í ljós að framgangur verkefnisins sé ásættanlegur miðað við markmið þess enda sé dreginn lærdómur af úttektinni í framhaldsumsókn.

## 2 Úthlutunarreglur

Sækja má um styrki til verkefna sem unnin eru í eigin nafni félags, verkefna sem unnin eru í samstarfi við samtök í samstarfslandinu og til verkefna á vegum alþjóðlegra samtaka eða í samvinnu við önnur félög. Styrkþegi skal, ef kostur er, taka virkan þátt í verkefninu ef þriðji aðili innir þau af hendi. Slík hlutdeild getur falist í undirbúningi, eftirliti, úttekt eða útsendu starfsliði.

Landsnefndum alþjóðastofnana sem taka beint við þróunarframlögum frá íslenskum stjórnvöldum eru **ekki** ætlaðir styrkir til þróunarverkefna á vettvangi undir hatti samstarfs við borgarasamtök.

## 2.1 Styrkuppghæð og umsýsla

Styrkur getur aldrei orðið hærri en 80 prósent af heildarkostnaði verkefnis (þ.m.t. umsýslukostnaði) og verður mótframlag borgarasamtaka að vera minnst 20 prósent. Þetta þýðir að sé áætlaður kostnaður að meðtöldum umsýslukostnaði ein milljón króna þurfa framlög borgarasamtakanna að nema 200 þúsundum. Inni í heildarkostnaði skal gera ráð fyrir allri umsýslu umsækjanda vegna verkefnisins, s.s. eftirliti og kynningu þess. (Þess ber að geta að hér er ekki átt við þann lið sem kallast „*monitoring and evaluation*“ í eiginlegri verkefnisáætlun sem alltaf er hluti af kostnaði á vettvangi). Í kynningum skal koma fram að verkefni séu hluti af opinberri þróunaraðstoð Íslands. Ekki er gerð athugasemd við að hluti kostnaðar komi frá þriðja aðila. Félög sem vinna verkefni í lágtekjulöndunum, sjálf eða í nánú samstarfi við heimamenn, mega verja að hámarki 10 prósentum af heildarkostnaði til umsýslu og geta fært hann sem óbeinan kostnað.

Úreikningur umsýslu og kostnaðarskiptingar	
Kostnaður á vettvangi skv. fjárhagsáætlun (þ.m.t eftirlit og úttektir)	1.000.000 kr.
Álagning v. umsýslu á Ísl. 3%	30.000 kr.
<b>Heildarkostnaður</b>	<b>1.030.000 kr.</b>
Sótt um 95% af kr. 1030.000	978.500 kr.
Eigið framlag samtaka	51.500 kr.

Hámark umsýslukostnaðar verkefna sem eru undir yfirstjórn alþjóðasamtaka og krefjast lítillar umsýslu íslensku samtakanna er þrjú prósent. Gera skal skýra grein fyrir umsýslukostnaði í umsóknum.

## 2.2 Skilyrði fyrir styrkhæfi borgarasamtaka

Til að teljast styrkhæf þurfa borgarasamtök í þróunarsamvinnu að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

### 2.2.1 Fyrir nýliðastyrki:

- Vera löglega skráð á Íslandi.
- Ekki rekin í hagnaðarskyni.
- Hafa sett sér lög, hafa stjórn og stjórnarformann.
- Hafa lagt fram áritaðan ársreikning. Þegar um er að ræða styrki allt að 4 m.kr. er ekki gerð krafa til þess að löggiltur endurskoðandi áriti reikningsskil samstarfsaðilans eða framkvæmdaaðila verkefna heldur nægir að félagskjörinn skoðunarmaður hafi staðfest ársreikninginn.
- Að félagsmenn eða styrktaraðilar séu minnst 30 talsins.
- Hafa reynslu af störfum í þróunarríkjum og/eða starfa náið með samtökum, alþjóðlegum eða innlendum, sem búa yfir slíkri reynslu.
- Hafa lýðræði, mannréttindi og jafnrétti að leiðarljósi í starfi sínu á vettvangi.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> [http://cso-effectiveness.org/IMG/pdf/final\\_istanbul\\_cso\\_development\\_effectiveness\\_principles\\_footnote\\_december\\_2010-](http://cso-effectiveness.org/IMG/pdf/final_istanbul_cso_development_effectiveness_principles_footnote_december_2010-)

- Hafa mótað sér stefnu sem ekki gengur gegn yfirmarkmiðum íslenskrar þróunarsamvinnu ef samningur er til lengri tíma ein eins árs.

### 2.2.2 Styttri þróunarverkefni og langtíma þróunarverkefni:

- Vera löglega skráð á Íslandi.
- Ekki rekin í hagnaðarskyni.
- Hafa sett sér lög, hafa stjórn og stjórnarformann.
- Fyrir styrki hærrí en fjórar m.kr. skulu samtök hafa lagt fram ársreikninga áritaða af opinberri endurskoðunarstofnun sem er aðili að INTOSAI eða endurskoðunarfyrtæki sem starfar skv. alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum (IFAC) sl. tvö ár fyrir langtímastyrki en eitt ár fyrir nýliðastyrki<sup>2</sup>.
- Að félagsmenn eða styrktaraðilar séu minnst 30 talsins.
- Hafa reynslu af störfum í þróunarríkjum og/eða starfa náið með samtökum, alþjóðlegum eða innlendum, sem búa yfir slíkri reynslu.
- Hafa lýðræði, mannréttindi og jafnrétti að leiðarljósi í starfi sínu á vettvangi.<sup>3</sup>
- Hafa mótað sér stefnu sem ekki gengur gegn yfirmarkmiðum íslenskrar þróunarsamvinnu ef samningur er til lengri tíma ein eins árs.

Ráðuneytið fjallar ekki um umsóknir samtaka nema að uppfylltum ofangreindum skilyrðum. Styrkþegar þurfa jafnframt að hafa gert fullnægjandi skil vegna fyrri styrkja.

## 3 Meðferð umsókna

Umsóknarfrestur fyrir þróunarsamvinnuverkefni er til miðnættis 1. júní ár hvert og skal umsóknum skilað á þar til gerðum eyðublöðum á netfangið: borgarasamtok.styrkir@mfa.is. Umsóknir skulu vera á íslensku en önnur fylgiskjöl mega vera á íslensku eða ensku.

Umsóknum skal svarað skriflega, fyrir 1. september ár hvert, og færð rök fyrir niðurstöðu. Jákvæð afstaða til styrkumsóknar getur verið bundin skilyrðum s.s. um endurskoðun á fjárhagsáætlun eða lagfæringu á verkefnisskjali. Slík skilyrði skulu tilgreind í svarinu. Upplýsingar um veitta styrki skal birta á vefsíðu ráðuneytisins.

---

<sup>2</sup> Sjá leiðbeiningar ríkisendurskoðunar: Þegar um er að ræða styrki allt að 4 m.kr. er ekki gerð krafa til þess að löggiltur endurskoðandi áriti reikningsskil samstarfsaðilans eða framkvæmdaaðila verkefna heldur nægir að félagskjörinn skoðunarmaður hafi staðfest ársreikninginn.

<sup>3</sup> [http://cso-effectiveness.org/IMG/pdf/final\\_istanbul\\_cso\\_development\\_effectiveness\\_principles\\_footnote\\_december\\_2010-2.pdf](http://cso-effectiveness.org/IMG/pdf/final_istanbul_cso_development_effectiveness_principles_footnote_december_2010-2.pdf)

### 3.1 Skil á umsóknum og fylgiskjöllum

Skila þarf eftirtöldum gögnum með hverri umsókn:

1. Útfylltu, rafrænu umsóknareyðublaði.
2. Upplýsingum um umsækjanda (borgarasamtök) og samstarfsaðila.
3. Greinagóðri lýsingu á því verkefni sem sótt er um styrk til með eftirfarandi efnispáttum:
  - 3.1. Tímaramma.
  - 3.2. Fjárhagsáætlun vegna verkþátta á vettvangi og vegna verkþátta er lúta að verkefnisumsjón, eftirliti og úttekt (árangursmati) auk kynningar á verkefninu.
  - 3.3. Rökrámatöflu (e. logical framework) eða sambærilegri viðurkenndri aðferðafræði fyrir mótun þróunarverkefna.
  - 3.4. Greinargerð um starfshætti og verklag samtakanna í verkefninu, þar á meðal upplýsingum um undirbúning, framkvæmd og vöktun verkefna.
  - 3.5. Greina skal frá hvernig eftirliti og árangursmati er háttað.
4. Ársskýrslu síðasta starfsárs.
5. Ársreikningi síðasta starfsárs með áritun löggilts endurskoðanda, sbr. lið 2.2.

Jafnframt þarf að skila, eða staðfesta að skil hafi áður farið fram á eftirfarandi gögnum:

- Nafnalista yfir skipan stjórnar samtakanna.
- Upplýsingum um löglega skráningu samtakanna.
- Afriti af lögum samtakanna.
- Afriti af stefnu samtakanna í málaflokknum.
- Yfirliti um verkefni og áherslur samtakanna, í hvaða löndum þau starfa og umfang starfseminnar.

Þessi gögn ber að leggja fram eða vísa í vefkrækjur samhliða fyrstu umsókn og ávallt þegar breytingar verða á umræddum atriðum. Ráðuneytið áskilur sér rétt til að kalla eftir viðbótargögnum og skýringum ef þörf krefur.

Almennar leiðbeiningar<sup>4</sup> um verkefnislýsingu og sniðmát fyrir tímaramma, fjárhagsáætlun og rökrama má finna á vefsvæði ráðuneytisins. Þar má einnig finna sniðmát samninga fyrir þá mismunandi styrki sem verklagsreglur þessar ná til.

### 3.2 Mat umsókna

Meta skal umsóknir á faglegum forsendum á grundvelli þessara verklagsreglna. Auk formskilyrða er litið til þátta eins og gildis verkefnis fyrir markhópin, þátttöku heimamanna,

---

<sup>4</sup> Ráðuneytið gerir ekki kröfu um að þessi sniðmát séu notuð heldur eru þau einungis til leiðbeiningar um hvaða efnispætti verkáætlun skuli innihalda.

sjálfbærni verkefna, færni og getu umsækjenda og samstarfsaðila þeirra til að framkvæma verkefnið og ná árangri.

Umsóknir eru metnar af þriggja manna ráðgjafahópi sem hefur sérþekkingu á þróunarmálum og skilar skriflegum tillögum til stýrihóps um þróunarsamvinnu. Fulltrúi ráðuneytis er formaður matshópsins. Við mat á verkefnum þar sem tiltekinn sérþekkingar er þörf, getur hópurinn leitað álits annarra sérfræðinga. Matsaðilum er skylt að upplýsa um hagsmunatengsl sín við einstök verkefni eða umsóknaraðila. Séu slík tengsl fyrir hendi, skal sá aðili segja sig frá mati á viðkomandi verkefni.

Stýrihópur um þróunarsamvinnu fjallar um styrkveitingarnar á grundvelli fyrirbyggjandi matsgerða og gildandi leiðbeininga. Endanleg ákvörðun um styrkveitingu er í höndum ráðherra.

### 3.3 Matsviðmið fyrir styrkúthlutanir

Verkefni skal vera skýrt og afmarkað með markmiðum sem hægt er að ná á tilsettum tíma fyrir það fé sem tilgreint er í fjárhagsáætlun. Þekkingaruppbygging (e. local capacity building) skal ætíð vera innbyggð í verkefni. Standa skal vörð um réttindi og hagsmuni beggja kynja sem og hópa sem standa höllum fæti í samfélaginu. Verkefni skal vinna í sátt við umhverfið og þess skal gætt að ekki sé gengið á auðlindir með ósjálfbærum hætti. Styrktarféð skal hvorki notað til að stunda trúboð né í þágu stjórnmalaflokka.

Við mat á umsóknum fyrir þróunarsamvinnuverkefni er byggt á eftirfarandi viðmiðum:

1. Aðstoðin sé óhlutdræg, byggist á þörfum skjólstaðinganna og mismuni þeim ekki á grundvelli kynferðis, aldurs, fötlunar, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, litarháttar, kynhneigðar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti.
2. Styðji við áherslur íslenskra stjórnvalda í þróunarsamvinnu.
3. Samrýmist stefnu stjórnvalda í viðtökuríkinu. Mannréttindasjónarmið skulu þó ávallt standa öðru ofar, enda algild.
4. Gæðum umsóknar og verkefnisáætlunar (markmiðum, sjálfbærni, afrakstur, aðgerða, tímaramma, stjórnunar, kostnaðar).
5. Getu umsækjanda til að virkja samstöðu og tryggja mótframlag til verkefna.
6. Getu umsækjanda til að rækja hlutverk sitt í þróunarsamstarfinu og í fjármálaumsýslu, sem og reynslu frá fyrri samstarfsverkefnum.
7. Virðisauka af aðkomu íslenska samstarfsaðilans (hvort hlutverk hans sé eingöngu milliganga eða hvort hann hafi eitthvað fram að færa til samstarfsins – til dæmis þekkingu).
8. Samráði á vettvangi, við heimamenn og aðra gjafa til að koma í veg fyrir skörun við verkefni annarra.
9. Þætti samstarfsaðila og markhópsins í undirbúningi og framkvæmd.
10. Þekkingu heimamanna, að hún sé nýtt þar sem þess er kostur.
11. Umhverfisáhrifum.
12. Hvort verkefnið hafi kynjajafnrétti að leiðarljósi.

13. Að viðurkenndum alþjóðlegum starfsháttum við eftirlit og úttektir sé fylgt.

Sérstakt skjal sem geymir viðmið matshópsins er að finna á vefsvæði ráðuneytisins.

## 4 Fjármálastjórnun

### 4.1 Staðlar

Borgarasamtökin eru ábyrg fyrir því að tryggja að samstarfsaðilar á vettvangi fylgi viðeigandi stöðlum varðandi bókhald og fjármálastjórn. Samtökin eru jafnframt ábyrg fyrir því að tryggja að samstarfsaðilar hafi fullnægjandi getu og hæfni á þessu sviði. Kaup á vörum, vinnu og þjónustu skal vera í samræmi við alþjóðlegar reikningsskilavenjur og góðar innkaupavenjur. Styrkþegar skulu viðhafa góða stjórnarhætti og sýna ráðdeild við nýtingu styrksins.

### 4.2 Frávik

Beiðni um frávik frá samþykktri fjárhagsáætlun skal send til ráðuneytisins áður en til útgjalda kemur. Styrkhöfum er þó leyfilegt að færa sem nemur 10% af útgjöldum á meginútgjaldaliðum milli liða án fyrirfram samþykkis. Valdi tilfærslunar verulegum breytingum á verkefninu skal þó leita samþykkis ráðuneytisins.

### 4.3 Færsla milli fjárhagsára

Ef seinkun verður á verkþáttum er leyfilegt er að fresta útgjöldum sem gert er ráð fyrir í fjárhagsáætlunum en hefur ekki verið eytt, milli ársfjórðunga og fjárhagsára, en þó einungis innan styrktímabilsins, enda hafi ráðuneytið þegar reitt fjármunina af hendi. Slíkar millifærslur á milli fjárhagsára skulu skýrðar og réttlættar í fjárhagsyfirlitum. Borgarasamtökin skulu þó leitast við að lágmarka slíkar millifærslur.

### 4.4 Misnotkun fjár

Borgarasamtökin skulu setja stefnu um afstöðu sína og ráðstafanir gegn spillingu og siðareglur varðandi meðferð fjár. Styrkfé má t.d. aldrei renna beint til opinberra starfsmanna erlendra ríkja í því skyni að greiða fyrir eða að tryggja að þróunaraðstoð komist til skila. Borgarasamtökin eru jafnframt ábyrg fyrir því að þjálfa og upplýsa sína samstarfsaðila um stefnu, siðareglur og aðra slíka staðla sem samstarfsaðilar þurfa að fara eftir. Styrkhöfum er skylt að setja inn ákvæði um afstöðu og ráðstafanir gegn spillingu í þá samninga sem þeir gera við verktaka og undirverktaka.

Styrkhafar skulu án tafar upplýsa ráðuneyti skriflega um ólögmetar gjörðir, spillingu eða misnotkun fjár sem að styrkhafar komast á snoðir um eða þeim hefur verið bent á, hvort sem að slíkt á sér stað innan borgarasamtakanna sjálfra eða samstarfsaðila þeirra. Styrkhafar skulu rannsaka og ef að nauðsyn ber til, að grípa til ráðstafana gegn einstaklingum sem að verða uppvísir að spillingu eða misnotkun fjár. Slíkar ráðstafanir geta til dæmis verið lögsókn eða



brottvísun úr starfi. Styrkhafar skulu halda ráðuneyti upplýstu um þær ráðstafanir sem gripið er til, framvindu úttekta og rannsókna, og láta ráðuneyti í té lokaskýrslu er slíku ferli er lokið.

#### 4.5 Greiðsla styrkja

Greiðslur styrkja skulu berast tímanlega inn á íslenska bankareikninga borgarasamtaka, og ekki síðar en tveimur vikum eftir undirskrift samnings eða samþykkis vegna framvinduskýrslu. Ársreikningum, árituðum af löggiltum aðilum, vegna verkefnis skal skila til ráðuneytisins, þar sem fram koma tekjur og útgjöld þess. Til viðbótar skal ábyrgðarmaður<sup>5</sup> styrkþega votta undirritaða reikninga verkefnisins og skrifa bréf því til staðfestingar að þeir séu réttir. Farið skal eftir leiðbeiningum Ríkisendurskoðunar frá 2015, sem að nálgast má á vefsvæði ráðuneyti. Styrkir hærri en 20 milljónir eru greiddir út í áföngum eftir því sem framvinduskýrslum er skilað, nema samið sé um annað í upphafi vegna eðlis útgjalda. Greiðslur skulu taka mið af framkvæmda- og kostnaðaráætlunum og því er ekki nauðsynlegt skilyrði að styrkuppþæðum sé jafnað út yfir styrktímabilið þegar um langtíma þróunarverkefni er að ræða.

#### 4.6 Úttektir og árangursmat

Styrkhafar eru ábyrgir fyrir árangursmati og úttektum á þeim verkefnum sem þeir þiggja styrki vegna. Árangursmiðaðar áætlanir og árangursrammar skulu vera notaðir til grundvallar úttektum og framkvæmd úttekta skal vera í samræmi við úttektarstaðla DAC. Haft skal samráð við ráðuneytið um gerð og viðmið (e. terms of reference) úttekta og val úttektaraðila. Ráðuneyti og Ríkisendurskoðun hafa að auki rétt til að kanna og endurskoða reikninga verkefnis og/eða láta fara fram sjálfstæðar úttektir á framvindu verkefnis og fjárreiðum.

## 5 Samningar og skýrslugjöf styrkhafa

Gerðir eru skriflegir samningar um öll verkefni. Í samningum er m.a. kveðið á um útborgun styrkja, meðferð fjármuna, skýrsluskil, úttektir, endurskoðun, aðgang að upplýsingum og uppsagnarákvæði. Sniðmát fyrir samninga má finna inni á vefsvæði ráðuneyti.

### 5.1 Framvinduskýrslur

Framvinduskýrslur eru gerðar af framkvæmdaaðilum. Þar er framgangur verkefnis miðað við verkáætlun útlistaður og frávik skýrð. Skýrslurnar skulu byggjast á þeim árangursramma sem settur var fram í verkefnaskjali og vera einfaldar, skýrar og skorinorðar. Framvinduskýrslur skulu m.a. innihalda upplýsingar um vöktun verkefna (e. monitoring) og byggjast á árangursvísunum sem settir eru fram í styrkumsókn. Framvinduskýrslur skulu vera á íslensku eða ensku, en uppsetning og framsetning er ekki stöðluð. Skýrslur sem notaðar eru við

---

<sup>5</sup> Ábyrgðarmaður getur verið framkvæmdastjóri eða prókúruhafi íslensku samtakanna.

verkefnastjórnun má nota við upplýsingagjöf til ráðuneytisins. Engu að síður er miðað við að í framvinduskýrslum séu eftirfarandi upplýsingar:

- Forsíða með verkefnistitli, heiti umsækjanda, útgáfudagsetningu, tímabili sem skýrslan spannar og nöfnum skýrsluhöfunda.
- Samanburður á árangri miðað við áætlanir.
- Samantekt á fjárútlátum samanborið við fjárhagsáætlun.
- Mat á vandamálum og áhættuþáttum, svo sem þeim sem skilgreindir eru í rökrammanum, sem gætu haft áhrif á árangur verkefnisins.
- Mat á nauðsyn þess að uppfæra áætlanir um aðgerðir, aðföng og væntanlegar afurðir, þ.á.m. tillögur um aðgerðir til að lágmarka áhættu.

Framvinduskýrslum vegna langtímaþróunarverkefna skal skila á að minnsta kosti hálfis árs fresti til verkloka. Jafnframt skal skila ársskýrslum allra verkefna. Borgarasamtök sem hljóta nýliðastyrki og styrki til styttri þróunarverkefna skila einni framvinduskýrslu yfir styrktímam. Þó skal greina tafarlaust frá aðstæðum sem torvela framkvæmdir. Ráðuneytið áskilur sér rétt til að kalla eftir ítarlegri upplýsingum frá styrkþega um vöktun og stöðu verkefna.

## 5.2 Lokaskýrslur

Í lokaskýrslu skal koma fram hvort og hvernig þau markmið sem sett voru með verkefninu hafi náðst og mat lagt á þróunaráhrif (e. impact) þeirra. Skila skal lokaskýrslu til ráðuneytisins að öðru jöfnu eigi síðar en níu mánuðum eftir verklok fyrir langtímaþróunarverkefni en þremur mánuðum eftir verklok fyrir nýliðastyrki og styttri þróunarverkefni.

Lokaskýrsla skal innihalda sömu grunnatriði og framvinduskýrslur **og að auki**:

- Mat á árangri verkefnisins þ.e. að hve miklu leyti markmiðum þess var náð. Litið er til afrakstursins (e. outcome).
- Mat á áhrifum (e. impact) verkefnisins ef hægt er. Áhrif eru metin sem jákvæðar eða neikvæðar breytingar eða afleiðingar verkefnisins á markhópinn hvort sem þær voru ætlaðar eða ófyrirséðar.
- Mat á sjálfbærni verkefnisins, þ.e. að hversu miklu leyti jákvæðra áhrifa verkefnisins muni gæta áfram eftir lok stuðningsins.
- Samantekt á lærdómi (e. lessons learned) af framkvæmd verkefnisins.
- Afriti af stefnu samtakanna.

Verklagsreglurnar skulu endurskoðaðar að ári liðnu í ljósi reynslunnar.